

Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar (fyrir holur 1 og 3)
Auður Dagný Kristinsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

20.01.2022

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna borunar fjögurra rannsóknarhola til grunnvatnsmælinga á Bláfjallasvæðinu.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sækja hér með um framkvæmdaleyfi til borunar á fjórum nýjum rannsóknarholum til grunnvatnsmælinga á Bláfjallasvæðinu í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi.

Fyrirhugaðar borholur eru vöktunarholur, sem er ætlað að styrkja grunnvatnslíkna Vatnaskila með áherslu á Bláfjallasvæðið í tengslum við áform um framkvæmdir á skíðasvæðinu. Íslenskar Orkurannsóknir (ÍSOR) komu með tillögur að staðsetningu holanna, að beiðni framkvæmdaraðila.

Eftirfarandi upplýsingum er ætlað að uppfylla kröfur um gögn og upplýsingar sem fylgja skulu umsókn um framkvæmdaleyfi sbr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Kennitala: 681077-0819
Heimilisfang: Hamraborg 9
200 Kópavogi

Afstöðumynd, hnitsett í mælikvarða 1:2.000-1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða

Meðfylgjandi er mynd sem sýnir holurnar fjórar sem er fyrirhugað að bora. Holur 1 og 3 eru í landi Kópavogs og hola 2 í landi Hafnarfjarðar. Holan, sem kennd er við „Heiðina há“ er í landi Ölfuss (sjá meðfylgjandi mynd).

Eftirfarandi eru hnit fyrirhugaðra hola:

Borhola	X	Y	Landhæð	Áætluð grunnvatnshæð (m y.s.)	Athugasemdir
Hola 1	368729	390167	~490	~180	Uppgefið hnit er á miðju svæðinu, svæðið er u.þ.b. 185x75 m (LxB). Endanleg staðsetning inn svæðisins verður ákveðin síðar.
Hola 2	368898	388343	~500	~185	Uppgefið hnit á miðju svæðinu, endanleg staðsetning borholu er innan 100 m radíus frá uppgefnu hniti.

Borhola	X	Y	Landhæð	Áætluð grunnvatns-hæð (m y.s.)	Athugasemdir
Hola 3	367304	392317	~280	~135	Uppgefið hnit á miðju svæðinu, endanleg staðsetning borholu er innan 20 m radíus frá uppgefnu hniti.
Heiðin há	370076	387152	~580	~180	Uppgefið hnit á miðju svæðinu, endanleg staðsetning borholu er innan 20 m radíus frá uppgefnu hniti.

Aðkoma að holunum verður sem hér segir (sjá á meðfylgjandi mynd):

- Hola 1** Gerður verður nýr slóði á svæði þar sem enginn slóði er í dag. Lega aðkomu-slóðans fylgir legu fyrirhugaðs framtíðar aðkomuvegs að Þríhnúkagíg. Lengd aðkomuslóða er ~1.200 m. Aðkomuslóðinn liggur að öllu leyti innan Kópavogs.
- Hola 2** Núverandi slóði verður lagfærður með því að bera efni ofan í hann. Heildarlengd aðkomuslóða er ~1.900 m, þar af eru 800 m af slóðanum samnýttir til aðkomu að holunni „Heiðin há“. Aðkomuslóðinn liggur innan tveggja sveitarfélaga, Kópavogs og Hafnarfjarðar.
- Hola 3** Ekki er þörf á að gera aðkomuslóða að þessari holu. Notaður verður Bláfjalla-vegur nr. 417 sem hefur verið lokaður fyrir almennri umferð.
- „Heiðin há“** Núverandi slóði verður lagfærður með því að bera efni ofan í hann. Heildar-lengd aðkomuslóða er ~2.050 m, þar af eru 800 m af slóðanum samnýttir til aðkomu að holu 2. Aðkomuslóðinn liggur innan þriggja sveitarfélaga, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Ölfuss.

Allar holurnar eru innan fjarsvæðis vatnsverndar að holu 2 undanskilinni, en hún er utan vatnsverndar. Þá liggja aðkomuslóðar að mestu innan fjarsvæðis vatnsverndar. Einungis sá hluti slóðar sem liggur að holu 2, sem er innan Hafnarfjarðar, er utan vatnsverndarsvæðis.

Hönnunarforsendur

Sjá minnisblað Vatnaskila (MB-19.16), dags. 26. júní 2019 (viðauki 1).

Lýsing á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum

Gert er ráð fyrir að loftbora holurnar og fóðra þær jafnóðum og borað er. Mikið hrun hefur verið í holum á þessu svæði. Hugsanlega má sleppa fóðringu neðst í dýpri holum en að öðrum kosti þarf að gata fóðringar neðstu u.þ.b. 50 m þannig að tenging við grunnvatnsborð sé tryggð. Aðgengi þarf að laga að flestum borholustæðum, ýmist með ofaniburði í núverandi slóða eða með lagningu nýrra slóða.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu

Þann 26. apríl 2019 komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð framkvæmd í Bláfjöllum, þ.e. mótun skíðabrekkna, uppsetning skíðalyfta, gerð skíðagöngusvæðis og snjóframleiðsla á skíðasvæðinu, væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum (viðauki 2).

Þann 31. maí 2019 kærðu Orkuveita Reykjavíkur-vatns og fráveita sf. og Hafnarfjarðarbær (kærendur) ákvörðun Skipulagsstofnunar um að fyrirhugaðar framkvæmdir við skíðasvæðið í Bláfjöllum skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum (viðauki 3). Meginástæða kærunnar var

sú aðgerðaáætlun sem sett var upp, en samkvæmt henni var áformað að hefja framkvæmdir sem gætu valdið hvað mestri hættu á mengun vatnsbóla áður en grunnvatnsrannsóknir sem og mótvægisáðgerðir hefjast. Töldu kærendur ekki ásættanlegt að taka ákvörðun um frekari uppbyggingu á Bláfjallasvæðinu fyrr en traustari vísindalegur grunnur lægi fyrir, en það þurfi að gera með borun borhola á svæðinu.

Þann 9. desember 2019 var framangreind kæra dregin til baka (viðauki 4). Ástæðan var sú að komist var að samkomulagi um ýmsar mótvægisáðgerðir til að minnka hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Hluti þeirra aðgerða sem samkomulagið tekur til er að bora umræddar fjórar rannsóknarholur á árinu 2021.

Upplýsingar um önnur leyfi

Starfsleyfi

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (nú Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs) við tilkynningu Skíðasvæða Höfuðborgarsvæðisins um fyrirhugaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum, kemur fram að sækja þurfi um starfsleyfi fyrir stökum verkþáttum framkvæmdarinnar áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Í samræmi við það verður sótt um starfsleyfi fyrir borun holanna hola 1 til 3 til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs og til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir borun holunnar á Heiðinni há.

Leyfi Umhverfisstofnunar


Bláfjallafólkvangur var fyrst friðlýstur árið 1973. Um fólkvanginn gilda ákveðnar umgengnisreglur, þar á meðal um að „*allt jarðrask er bannað innan svæðisins nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til*“. Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan Bláfjallafólkvangsins, verður sótt um leyfi fyrir þeim til Umhverfisstofnunar, í samræmi við framangreindar umgengnisreglur.

Fylgigögn umsóknar:

1. Verkfræðistofan Vatnaskil. Minnisblað, MB-19.16. Reykjavík, 26. júní 2019.
2. Skipulagsstofnun. Bláfjöll – Skíðasvæði í Kópavogi. Ákvörðun um matsskyldu. Reykjavík, 26. apríl 2019.
3. Kæra vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda við skíðasvæðið í Bláfjöllum. Reykjavík, 31. maí 2019.
4. Afturköllun kæru vegna matsskyldu Bláfjallavegar. Reykjavík 9. desember 2019.


F.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,

Haukur Einarsson



SKÝRINIGAR:

- Hafnarfjörður sveitarfélagsmörk (skv. Hafnarfjarðarkaupstað)
- Kópavogur sveitarfélagsmörk (skv. Kópavogsbæ)
- Ölfus sveitarfélagsmörk (skv. sveitarfélaginu Ölfus)
- Aðkomuslóði að borstað - núverandi slóði lagfærður
- Aðkomuslóði að borstað - nýr slóði
- Fyrirhuguð staðsetning rannsóknarborholu



HÖNNUÐUR  Úrðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001 www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169			HEITI VERKS RANNSÓKNARBORANIR Á BLÁFJALLASVÆÐINU			
DAGS. UNDRISKRIFTAR F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.)			HEITI TEIKNINGAR STAÐSETNING BORHOLA OG LEGA AÐKOMUSLÓÐA YFIRLITSMYND			
FRUMÚTGÁFA NÓV. 2021	MIKV.	STÆRÐ A3	VERKNÚMÉR 1.220.380	VERKHLUTI V01	TEIKNINGANÚMÉR	ÚTGÁFA 1.0